



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Styrkur til Lítilar þúfu til reksturs áfangaheimilis fyrir konur

Lagt er til að velferðarráð samþykki að veita félaginu Lítil þúfa styrk í formi innri leigu kr. 6.540.000 á ári til reksturs áfangaheimilis fyrir konur að Snekkjuvogi. Fjármagnið rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Frá árinu 1988 hefur verið rekið áfangaheimili fyrir konur í Snekkjuvogi sem gengið hefur undir heitinu Dyngjan. Fasteignafélag Reykjavíkur og líknarfélagið Konan/áfangaheimilið Dyngjan gerðu með sér húsaleigusamning í júní 2004 (fylgiskjal 1). Húsnæðið er um 260 fm² að stærð.

Félagið Lítil þúfa, sem starfar í þágu almannaheilla, hefur tekið að sér að reka áfangaheimili í Snekkjuvogi á þeim grunni sem Dyngjan var rekin eða frá. mars 2023 (fylgiskjal 2). Félagið hefur óskað eftir því að taka húsnæðið að Snekkjuvogi á leigu og fá styrk í formi innri leigu.

Á Þúfunni geta dvalið 11 konur hverju sinni. Áfangaheimilið er skipulagt að þörfum þeirra kvenna sem eru að koma úr áfengis- og vímuefnaeðferð. Markmiðið er að liðsinna konum til að ná tókum á lífi sínu og breyttum lífnaðarháttum í kjölfar meðferðar við áfengis- og vímuefnanotkun. Forstöðukona starfar við heimilið í 75% starfi og náíð samstarf er við SÁÁ, Hlaðgerðarkot, Landspítalann og Krýsuvíkursamtökin.

Unnið er á grundvelli batamiðaðrar nálgunar. Forstöðukona er með meistarapróf í félagsráðgjöf en um helgar eru menntaðir áfengis- og vímuefnaráðgjafar með viðveru í fjórar klst. á dag. Síma vakt er til staðar allan sólarhringinn. Forstöðukona vinnur einstaklingsáætlanir með hverri og einni konu. Samkvæmt upplýsingum Þúfunnar hefur ekkert af því fólki sem situr í stjórn/varastjórn Þúfunnar gerst brotlegt við hegningarlög. Meðfylgjandi eru húsreglur Þúfunnar.

Kostnaður við dvöl á Þúfunni er 150.000 kr., innifalið er húsaleiga, internet og fæði.

Það er mat velferðarsviðs að afar mikilvægt sé að áfram verði rekið áfangaheimili fyrir konur að Snekkjuvogi. Mikil þörf er á sérstökum áfangaheimilum fyrir konur og slæmt ef rekstur áfangaheimilisins legðist af. Eina áfangaheimilið fyrir utan Þúfuna sem rekið er sérstaklega fyrir konur, er áfangaheimilið Njála á Njálsgötu sem rekið er af Reykjavíkurborg.

Fylgiskjöl:

Leigusamningur frá júní 2004

Staðfesting um stofnun Almannahagsmunafélagsins Lítil þúfa

Jafnréttisskimun dags 13. mars 2023

Húsreglur Þúfunnar í júní 2023.